KÚBÍSK LJÓÐ

Craig Raine lýsir ærsku sinni á einstaklega hlýjan og hreinskiptinn hátt, en með tungutaki ellefu ára stráks, í lausamálskvæði, sem heitir „Silfurplatan" er birtist í síðustu ljóðabók hans, „Rich". Hann segist hafa alist upp í „ljótum bæ í Norður-Englandi", þar sem hann fæddist árið 1944. Raine fluttist ungur frá æskustöðvunum, enda segist hann enga vini eiga frá þeim árum í Co Durham.

Samræðan við Raine fer fram á vinnustað hans í Faber & Faber bókaútgáfunni í Bloomsbury, þar sem hann er útgáfustjóri ljóðabóka. Hann býr í Oxford, þar sem hann gekk einnig í háskóla. Hann hugðist leggja stund á sagnfræði, en, hóf hins vegar nám í heimspeki, stjórnmálasögu og hagfræði, áður en hann snéri sér að óskafaginu, enskum bókmenntum. Hann tók BA-próf 1967, B. Phil.-próf í 19. og 20. aldar bókmenntum tveimur árum síðar og hóf þá að vinna doktorsritgerð. Ritgerðarefnið fjallaði um lífsskoðun Coleridge en kennslustörf meðfram námi ollu því m.a. að hann lauk ekki verkinu.

Hann hristir úfið höfuðið þegar ég spyr hvenær hann hafi byrjað að yrkja. „Eigum við ekki að segja að ég hafi byrjað að kljást við skáldskap, þegar ég var sextán ára. Það var ekkert skáld í skólanum, svo að ég valdi þessa leið í tómum hégómaskap til að gera sjálfan mig ólíkan jafnöldrum mínum. Ég hafði tuttugu ljóð í handraðanum þegar ég kom til Oxford. Þetta voru skrambi vond ljóð, enda vildi enginn birta þau, ekki einu sinni stúdentablöðin í Oxford. Ég lagði því ljóðagerð á hilluna um tíma, og skrifaði þess í stað smásögur. Þær voru líka hræðilega lélegar, enda hafði enginn áhuga á þeim. Á þessum árum ól ég með mér tvo drauma: annaðhvort ætlaði ég að verða háskólakennari og fræðimaður í Oxford, eða rithöfundur og skáld. Þegar ég var í framhaldsnámi varð ég ástfanginn af stúlku, sem er svo sem ekki í frásögur færandi. En í annað skiptið sem við hittumst spurði hún mig sakleysislega hvað ég ætlaði að gera þegar ég yrði stór. Ég vissi ekki hverju ég ætti að svara, svo að ég sagðist ætla að verða ljóðskáld. Hún vildi auðvitað lesa ljóð eftir mig, svo ég varð veskú að fara að yrkja. Svona náðu draumórarnir tökum á mér," segir hann og kímir. Og heldur svo áfram.

„Ég var 25 ára þegar ákvörðunin var tekin. Ég vissi að það sem ég var að gera í ljóðunum var öðruvísi en það sem önnur skáld voru að fást við. Enda leit enginn útgefandi við þeim. Ekkert tímarit vildi birta eitt einasta ljóð. Ég bjó mér þá til allsherjarplan. Ég ákvað að senda ljóð samtímis til fjögurra stærstu bókmenntatímaritanna og þegar þau yrðu birt, myndu allra augu opnast fyrir þessu nýja skáldi. Ég fékk hvert og eitt kvæði, sem birtust að lokum í fyrstu ljóðabókinni minni „Onion", í hausinn og ekki bara einu sinni, heldur fjórum sinnum hvert fyrir sig.

En þá var að reyna aðrar leiðir. Einn nemenda minna frá Oxford, rithöfundurinn Martin Amis, vann hjá Times Literary Supplement og bað hann mig að skrifa gagnrýni fyrir tímaritið. Eftir tvo til þrjá ritdóma læddi ég þeirri staðreynd að ritstjóranum, að ég skrifaði einnig ljóð. Það runnu á hann tvær grímur. Ég var náttúrlega ekki sá fyrsti sem hafði leikið svona leik. En ég sendi ljóð um hæl, sem var birt, og smám saman fór röddin að heyrast. Þegar Martin Amis varð síðan bókmenntaritstjóri fyrir New Statesman prentaði hann nánast eitt ljóð í hverri viku í eitt ár. Fólk hélt jafnvel að ég stjórnaði eða ætti tímaritið. En þessi leiftursókn varð til þess að ég varð þekktur."

Í síðustu ljóðabókinni, „Rich", er kaflinn um æsku þína í prósa. Hefurðu þá alveg sagt skilið við smásögur?

„Það er bara einangrað tilfelli. Ég hef aldrei reynt að skrifa smásögur frá því að ég var í skóla. Þær voru í raun afkáralegar eftirlíkingar á Hemingway. Það halda allir að skáld geti skrifað hvað sem er. Fólk þreytist ekki að benda mér á, að leikritaskáld og rithöfundar séu frægari — og ríkari — en ljóðskáld. En ég er búinn að vera tuttugu ár að læra það sem ég kann og það myndi taka mig önnur tuttugu ár að læra að skrifa sögu eða leikrit."

En truflar það þig aldrei til hve fárra þú nærð með ljóðunum?

„Það eru alltaf fáir sem skilja og í raun lesa það sem maður yrkir. Kannski aðeins um tuttugu manns. En þrátt fyrir það var „Rich" prentuð í 20 þúsund eintökum og hinar ljóðabækurnar mínar hafa alltaf verið fáanlegar. En í sannleika sagt er ég ekki að skrifa fyrir neinn annan en sjálfan mig og konuna mína. Hún er kennari við Oxfordháskóla og skilur nákvæmlega hvað ég er að gera og ef einhver vill hlusta á þessar samræður okkar þá er þeim það velkomið. Það skiptir mig ekki öllu máli hve margir þeir eru."

Árið 1986 var Craig Raine fenginn til að skrifa óperutexta byggðan á smásögunni „The last summer" eftir Pasternak og kvæði hans „Spectorsky". Breska tónskáldið Nigel Osborne samdi tónlistina, en hann hefur samið lög við tíu ástarljóð eftir Raine, sem birtust í „Rich". Óperan var frumflutt í Glyndebourne-óperunni 1986. Raine lýsir aðdraganda og vinnu að óperunni skilmerkilega í formála að útgáfu óperutextans, sem kallast „Rafmögnun Sovétríkjanna". Ég spyr hann um þessa reynslu.

„Þegar mér var boðið að skrifa fyrir óperuna gat ég með engu móti neitað. Ég hafði aldrei reynt þvílíkt áður, svo það var mikil áskorun. Ég var mjög heppinn með leikstjóra, Peter Sellars. Við unnum afar vel saman. Hann hafði ákveðnar hugmyndir og við rökræddum heiftarlega. Það er auðvitað gerólíkt að vinna í leikhúsi eða ljóðagerð. Sem skáld stjórna ég áhorfendum mínum. Þeir verða að samþykkja leikreglur mínar. En í leikhúsinu verður að samstilla margar mismunandi kröfur og óskir. Og það getur verið skelfilegt og frárhrindandi, en um leið er það uppörvandi og gefandi ef vel tekst til. Ég hafði geysimikla ánægju af því ári sem þessi vinna tók."

Þú segir í inngangínum að formála óperutextans að þú sért ósammála þeirri skoðun Audens sð „enginn söguþráður í óperu geti lotið lögmálum skynseminnar því að fólk syngur ekki þegar það talar skynsamlega". Og ennfremur að þú teljir, að leikrit í bundnu máli eigi aðeins eðlilegan verustað innan óperuformsins. Skýrðu þetta aðeins nánar.

Önnur ljóðræða: við Craig Raine eftir Guðrúnu Nordal

„Mörg skáld hafa reynt að skrifa leikrit í bundnu máli, t.d. T.S. Eliot, en það er í raun útdautt form. Slík leikrit verða nefnilega að vera skáldskapur svo að þau gangi upp. Það er ómögulegt að byrja atriði á tveimur hversdagslegum setningum, eins og „þú heldur á kúlupennanum og klórar þér á bak við eyrað", og kúvenda svo yfir í mikinn skáldskap sem er í eðli sínu afskaplega hástemmdur. En í óperunni er frásagnarkaflinn klæddur í tónlistarbúning svo að umskiptin yfir í aríuna, sem er ljóðræð, verða eðlilegri.

Í framhaldi af þessu verki bað Jonathan Miller mig að þýða Andromaque eftir Racine fyrir Old Vic-leikhúsið. Ég gerði hreina og beina

Ljósmynd sýnir....

Í myndum Braga er lítið um glitrandi neonljós og glæsilega veitinga- og skemmtistaði auglýsingabæklinganna — heldur er lýsir hann því sem fyrir augu ber. Það sem grípur auga Íslendingsins í heimsborginni eru andstæðurnar í umhverfinu, fremur en í mannlífinu og greinilegt að New York hefur haft mikil áhrif á hann.

„New York er yfirþyrmandi á allan hátt," segir Bragi, sem bjó þar frá árinu 1984 til 1989, meðan hann var við nám í ljósmyndun við Rochester Institute of Technology.„Það komu þau tímabil," heldur hann áfram, „að mér fannst borgin vera — í bókstaflegri merkingu — að kæfa mig. Mér fannst ég vera að missa vitið. En þetta leið hjá og oftast leið mér vel. Mannhafið er gríðarlegt og þarna eru allra þjóða kvikindi. Mér fannst alltaf jafn gaman að fara milli hverfa, því á leiðinni gat maður heyrt fjögur tungumál. Og þegar maður fer í Kínahverfið, gæti maður allt eins vel verið kominn til Kína, vegna þess að allt letur; öll skilti og auglýsingar, eru á kínversku, fólkið talar eingöngu kínversku, lifnaðarhættir eru kínverskir og þegar maður fer inn á kínverskt veitingahús, er varla hægt að ná sambandi við þjóninn, vegna þess að hann kann bara kínversku. Þetta er reynsla sem mér fannst alltaf jafnskemmtileg.

Það er líka dálítið annað að búa í New York á námslánum, en að ferðast þangað. Í námi er maður alltaf staurblankur og verður lítið var við glæsilegar hliðar borgarinnar. Ég eyddi miklum tíma í að rölta um borgina með myndavélina, vegna þess að ég hafði ekki efni á að gera neitt annað. Þess á milli fór ég í bíó. Það er annað sem er skemmtilegt við New York. Þú getur séð allavega kvikmyndir þar — jafnvel gamlar svart-hvítar — þetta var hreinasti lúxus.

Það sem einkennir New York, er hversu stutt er milli flottheita og eymdar," segir Bragi, og þegar maður virðir myndir hans fyrir sér, sést að þarna á milli er varla fingurbreidd; gömul kona íklædd svörtum ruslapokum, stendur við hlið glæsilegrar límósínu. Þess eru engin merki að gamla konan sjái bifreiðina, augað nemur aðeins þekktar stærðir.

Líklegt að farþegi límósínunnar sjái ekki gömlu konuna; tveir heimar á einu götuhorni — ósýnilegir hvor öðrum. „Fyrst eftir að ég kom til New York, hélt ég að öll þessi eymd mundi venjast," bætir Bragi við. „En ég gat aldrei vanist henni. Ég reyndi eftir megni að loka augunum fyrir henni, en eftir því sem ég var lengur þarna, fannst mér mismunurinn hróplegri.

Ég bjó í Brooklyn, í svörtu hverfi, sem var á mörkum tveggja heima, öðru megin við línuna var gott hverfi, hinum megin slæmt. Ég bjó rétt inni í því slæma. En í nokkur hundruð metra fjarlægð — í beinni línu frá húsinu sem ég bjó í — var góða hverfið og þar var brautarstöðin. Maður gekk alltaf beint þangað, þegar maður fór út úr húsi; leit hvorki til hægri eða vinstri — og gekk hratt. Ég gerði aðeins tvisvar eða þrisvar tilraun til að ganga spölkorn í hina áttina — svona til að skoða nágrennið."

Nú eru margar myndanna úr ansi slæmum hverfum. Gastu gengið þar um og myndað að vild?

„Nei, ég gekk um með vélina inni í úlpunni og þegar ég sá eitthvað sem mig langaði að mynda, kippti ég henni örsnöggt upp og smellti af — lét aldrei sjást að ég væri að taka myndir. Flestar myndanna eru frá Manhattan, sem er nú einu sinni hjarta borgarinnar. Í New York eru fimm hverfi, en Manhattan endurspeglar þau öll. Þar er hreinlega allt til sem er í hinum hverfunum."

Þú ert ekki að bregða upp neinni mannlífssýningu.

„Nei, fólkið er aðeins með á sumum myndunum, því það er fyrst og fremst umhverfið sem höfðar til mín. Ef eitthvert fólk er inni á myndunum, er það fjarlægt og kalt — ópersónulegt. Þannig er þetta allt þarna; maður yrðir helst ekki á nokkurn mann.



Bragi Þ. Jósefsson Morgunblaðið/Þorkell

En fyrst og fremst lýsir þessi sýning hvernig mér fannst borgin, við mínar aðstæður, á þessum tíma. ljósmyndir eru aldrei neinn sannleikur í sjálfu sér. Þessar ljósmyndir sýna New York sem ömurlega. Næsti ljósmyndari gæti komið og sýnt hana sem glæsilega."

En hvaðan lá leið þín til New York í ljósmyndanám?

„Ég er Reykvíkingur, gekk í Langholtsskóla, síðan í Samvinnuskólann á Bifröst og ég lauk stúdentsprófi frá framhaldsdeild þess skóla í Reykjavík. Á meðan ég var í Samvinnuskólanum fékk ég ljósmyndadellu, en byrjaði ekki að mynda af alvöru fyrr en veturinn 1981-1982. Þá var ég búinn að afgreiða ljósmyndavéladelluna og farinn að velta myndunum meira fyrir mér. Síðan var ég í eitt til tvö ár að bræða það með mér hvort ég ætti að fara út í nám og sló svo til haustið 1983.

Ég hafði þá kannað ýmsa skóla í Bandaríkjunum og Bretlandi. Önnur lönd komu ekki til greina, vegna tungumálsins. Á endanum varð þessi skóli fyrir valinu, kannski vegna þess að Guðmundur í Ímynd ráðlagði mér að fara í hann — þótt það hafi verið mjög dýrt.

Hvernig var námið byggt upp?

„Fyrstu tvö ári fara í almenna ljósmyndun og maður getur valið um þrjár leiðir; auglýsingaljósmyndun, blaðaljósmyndun eða listræna ljósmyndun, eða það sem kallað er „fine art." Ég lagði megináherslu á auglýsingaljósmyndun, en tók síðan ákveðin námskeið í báðum hinum greinunum. Seinni árin er maður mest í stúdíóljósmyndun, ásamt því að taka fleiri valkúrsa — ef maður vill. Ég er einhvern veginn þannig gerður að ég á erfitt með að binda mig við eitthvert ákveðið efni mjög lengi. Þess vegna tók ég marga kúrsa sem ég þurfti ekki að taka. Það er svo nauðsynlegt að gera eitthvað sem gleður ekki endilega neinn nema mann sjálfan.

Eftir námið vann ég svo í Bandaríkjunum sem lausamaður í stúdíóum í eitt ár, sem var mjög góð reynsla."

Hvað tók við þegar heim kom?

„Það má segja að það hafi verið allt mögulegt. Fyrir utan að vinna í þessum myndum sem ég er með á sýningunni, hef ég unnið sem lausamaður við auglýsingar, og í alhliða ljósmyndun, til dæmis barnaljósmyndun fyrir vini og kunningja, myndað kokteilpartí og unnið við gerð auglýsingabæklinga. Nú þarf ég að koma þessari sýningu frá mér og þá er aldrei að vita nema ég byrji á nýju verkefni.

En við vorum að ræða þessa sýn á New York-borg. Þetta er ekki bara spurning um hvort borgin er glæsileg eða ömurleg. Það er nefnilega oft svo, að fólki finnst ljósmyndun sýna einhvern algildan sannleika, þótt það geti samþykkt að málverk sé eitthvað úr hugarfylgsnunum. Þetta er alls ekki sanngjarnt, því ljósmyndin sýnir mjög vel hugarástand ljósmyndarans — hann ræður hvað er í rammanum; hann sýnir hvaða augum hann lítur hlutina og hvaða skoðanir hann hefur með vali sínu."

Viðtal/Súsanna Svavarsdóttir